

***BORGARÁÐ 25. mars 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um skipulagssvæði C í Gufunesi - R21030280***

Þann 21. febrúar 2019 var samþykkt í borgarráði deiliskipulag fyrir 1. áfanga skipulagssvæðis Gufuness, svæði C. Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 var kynnt að skipulagssvæðinu væri skipt í „frekari svæði“ eða „Kvikmyndaþorp 1 [C] eða svæði C. Í gildandi deiliskipulagi er svæði C 17.238 m<sup>2</sup> að stærð og lóðin innan svæðisins 12.962 m<sup>2</sup>.“

1. Hvað greiddi kaupandinn af reit C í Gufunesi fyrir lóðina? 2. Hefur verið staðið í skilum með kaupverðið – ef ekki, hvers vegna? 3. Hvers vegna tóku borgarstjóri og meirihlutinn ákvörðun um að afhenda þessa stóru lóð á hrakvirði til endursölu fyrir þriðju aðila á mun, mun hærra verði? 4. Hvað hefur upphaflegur kaupandi af lóðinni hagnast á endursöluinni miðað við daginn sem þessum fyrirspurnum er svarað? 5. Hvers vegna var ekki gengið frá endanlegri lóðarstærð í samningum þegar deiliskipulagið tók gildi?